



Samba-knattspyrna nægir ekki til að verða heimsmeistari

Erindi Bjarna Stefáns Konráðssonar formanns KPI flutt á þjálfararáðstefnu Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands 14. og 15. janúar 1995

Hvernig bjó Brasilía sig undir heimsmeistarakeppnina 1994? Skyggst á bak við tjöldin hjá nýju heimsmeisturunum.

Hin langa bið er á enda; 24 árum eftir að Brasilía varð heimsmeistari í Mexíkó, rættist draumur brasilísku þjóðarinnar þegar landslið Brasilíu vann heims-meistaratitilinn. Brasilía er einnig heimsmethafi; það er eina landið sem fjórum sinn-um hefur unnið þennan titil - eftirsóttasta titil sem keppt er um í íþróttum í heiminum.

Í þessu erindi verður fjallað um lokaundirbúning liðsins fyrir keppnina en þá æfði liðið við bestu hugsanlegar aðstæður við háskólann í Santa Clara, sunnan við San Fransisco.

Þjálfarinn Carlos Alberto Parreira

Þjálfari heimsmeistaranna, Carlos Alberto Parreira, tók nú þátt í sinni fjórðu heimsmeistarakeppni sem þjálfari.

Árið 1970 var hann þrekþjálfari Brasilíumanna sem þá urðu heimsmeistarar. 1982 var hann landsliðsþjálfari Kuwait. Hann þjálfaði þetta lið í rúmlega 4 ár og vann þá m.a. "Flóa-bikarinn" og Asíubikarinn. Á HM á Ítalíu 1990 þjálfaði hann lið Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Í kjölfarið kom fyrsta skeið hans sem þjálfara Brasilíu.

Hugmyndafræði Parreira um knattspyrnu og þjálfun

Að mati Parreira er frumskilyrði að lið leiki sem ein samtaka heild.

Vörnina í slíku liði vill hann leika með fjórum mönnum í einni línu. Í heild leikur liðið svæðis-vörn.

Grundvallaratriði sóknarleiksins er í fyrsta lagi stöðug hreyfing allra leik-manna hvort sem þeir eru með bolta eða ekki. Samspil á aðallega að fara fram með lágum sendingum eða jarðarboltum.

Parreira telur að með þessu móti eigi að vera hægt að sameina og leika skemmtilegan en jafnframt markvissan og árangursríkan nútíma fótbolta í hæsta gæðaflokkki.

Parreira segir: "Samba-fótbolti er ekki nóg til að verða heimsmeistari.

Það sannar leikur Brasilíumanna í undanförunum heimsmeistarakeppnum. Árið 1974 tapaði Brasilía fyrir Hollandi í undanúrslitum þótt liðið léki dásamlegan fótbolta sem unun var á að horfa. Fjórum árum seinna féll liðið úr keppni á lakara markahlutfalli eftir tvær umferðir vegna mjög svo umdeilanlegs keppnisfyrirkomulags en liðið tapaði ekki leik í keppninni.

1982 veðjuðu allir á að Brasilía yrði heimsmeistari eftir hreint stórkostlega leiki í fyrstu umferðinni en féll svo úr keppni eftir þrjú



mörk frá Paolo Rossi. Heimsmeistarakeppnin 1986 var allt að því endurtekning frá fyrri keppnum: eftir mjög góða dóma í fyrstu umferðinni, tapaði liðið fyrir Frakklandi eftir vítaspyrnukeppni. Í Mexíkó árið 1990 var sama gamla sagan: frábærir leikir í riðla-keppninni en tap gegn lakara liði Argentínu gerði það allt að engu.

Ástæðurnar fyrir því að liðið féll alltaf úr keppni frá 1974 voru að mínu mati alltaf þær sömu: leikur liðsins og færslur leikmanna þegar boltinn tapaðist. Þess vegna dró ég eftirfarandi ályktun: Ég vildi alls ekki takmarka hinn dæmigerða styrk-leika brasilískra leikmanna, þ.e. leikni, sköpunargáfu og frumkvæði. Leikmenn eins og Romario láta hvort eð er ekki segja sér nákæmlega fyrir verkum. Þess vegna var sóknarleikurinn tiltölulega frjáls þrátt fyrir ákveðin grundvallaratriði eins og þátttöku bakvarða í sóknarleiknum.

Þungamiðjan lá hins vegar á leik alls liðsins þegar boltinn tapaðist. Allir leik-mennirnir verða þá að hugsa og leika fyrir liðið. Þess vegna var þróuð varnaðferð sem setti leik allra leikmanna tiltölulega strangar skorður. Romario og Bebeto höfðu varnarskyldum að gegna. Til að ná hámarksárangri í toppkvattspyrnu má ekki - einhliða - taka annað hvort sóknarleik eða varnarleik fram yfir hitt. Erfiðlega gekk að fá leikmenn til að skilja þetta þrátt fyrir að liðin, sem þeir voru í, hefðu reglulega fallið úr keppni af þessum orsökum.

Þessu var öðruvísi farið hjá liðinu nú. Leikmenn voru fullvissir um að þetta væri rétta leiðin og beygðu ekki af þeirri leið þrátt fyrir gífurlegan þrýsting að heiman. Brasilíska þjóðin krafðist þess með öllum ráðum að liðið léki meiri sóknarleik. Þessi krafa og gagnrýni að heiman þjappaði leikmönnum og þjálfara saman og var eitt af því sem gerði heimsmeistaratitilinn að veruleika."

Samvinna með Mario Zagallo

Önnur ástæða fyrir velgengni Brasilíu var hin trausta og góða samvinna Parreira og Mario Zagallo en hann var þjálfari Brasilíu þegar liðið varð heimsmeistari árið 1970. Þessi þjálfaradúett vann þá vel saman en eins og fram hefur komið var Parreira þrekþjálfari liðsins þá. Eftir það lágu leiðir þessara tveggja manna saman hjá liðum hér og þar um heiminn. Á HM nú voru, auk þessara tveggja manna, tveir þrekþjálfarar og einn mark-mannsþjálfari. Þarna mátti sem sagt sjá tilhneigingu til að fjölga þjálfurum eins og þekkt hefur all lengi í toppfótbolta. Samvinna þeirra á milli er forsenda fyrir sér-hæfðri þjálfun.

Súperstjarnan Romario

Var þáttur heimsklassa leikmannsins Romario í sigri liðsins virkilega eins stór og fjölmiðlar og ýmsir sérfræðingar héldu ítrekað fram? Fáeinar staðreyndir gefa ótvírætt svar við þessu: Á móti Rússlandi skoraði Romario fyrsta mark leiksins, sem er mjög mikilvægt í svona keppnum, og fiskaði auk þess vítaspyrnu þótt það hafi reyndar ekki verið neitt víti. Gegn Kamerún skoraði hann einnig fyrsta markið og lagði upp það þriðja. Í leiknum gegn



Svíþjóð skoraði hann jöfnunarmarkið og tryggði liðinu þar með fyrsta sætið í riðlinum.

Í 16-liða úrslitum endaði hann frábæran einleik á því að senda hárnákvæma sendingu á Bebeto sem gat óhindrað rennt boltanum í netið. Í 8-liða úrslitum á móti Hollandi skoraði hann fyrsta mark leiksins og átti síðan þátt í eftirminnilegu marki Bebeto eftir að línuvörður hafði túlkað rangstöðureglur FIFA mjög frjálstlega. Hann átti líka þátt í sigurmarki liðsins í þessum leik, sem Branco skoraði en hann gerði mark hans mögulegt með frábærri bolvindu rétt áður en skotið lenti í honum.

Í undanúrslitaleiknum gegn Svíþjóð afgreiddi hann frábæra fyrirgjöf Jorginho í netið með fullkomnum skalla gegn hávöxnum varnarmönnum Svía. Í úrslitaleiknum munaði litlu að hann brygðist en sem betur fer fyrir hann og Brasilíu fór vítaspyrna hans í stöngina og inn en ekki út. Í venjulegum leiktíma þess leiks var hann hins vegar einn fárra leikmanna sem náði að heilla áhorfendur og sýna hvað í honum býr.

Hvernig umgekkst Parreira Romario?

Hvernig bregst Parreira við alkunnum dyntum súperstjörnunna Romario? Á hinum erfiðu æfingum liðsins í upphafi undirbúningsins fyrir HM, þegar grunnurinn að líkamlegu formi liðsins var lagður, hafði Romario ekki mikið frelsi umfram aðra leikmenn brasilíska liðsins. Eftir því sem leið á undirbúninginn og svo í keppninni sjálfri, fékk hinn sérstaki og sérvitri framherji æ meiri forréttindi.

Þetta kom einkum fram í ýmsum smærri atriðum. Hann var t.d. eini leikmaðurinn sem fékk hjálp frá aðstoðarþjálfara við teygjuæfingar. Og Romario átti það til að hætta einfaldlega í sérlega erfiðum þrekæfingum. Upphitunina hafði hann oft eins og hann vildi. Ef honum líkaði ekki upphitunin, bjó hann til eigin upphitun sem hann hafði gaman af. T.d. varð varamarkmaðurinn lengi vel fyrir eina æfinguna að kasta boltum í brjóstthæð á Romario sem hann svo afgreiddi í netið. Annað dæmi um þetta er það þegar liðið var í körfubolta í hvíldarþjálfun og hafði mjög gaman af. Allir voru með nema Romario sem sat á bolta á hliðarlínunni og horfði hlæjandi á. Enginn sagði orð um þetta.

Þegar leið á keppnina kom eitt athyglivert atriði í ljós. Bebeto fór að taka sér ákveðin forréttindi og bjó til eigin æfingar sem stundum voru frábrugðnar því sem liðið var að gera.

Parreira þjálfari fylgdi eftirfarandi reglu í sambandi við umgengi við hina frábæru framherja sína: Hann reyndi að kæfa alla öfund á milli þeirra í fæðingu með því að draga fram styrkleika þeirra sem sóknarpars og setja þá á annan stall gagn-vart öðrum leikmönnum liðsins og fjölmiðlum. Þar með kom hann því óbeint til skila til þeirra beggja að þeir þörfnuðust hvor annars og nytu báðir fyrirfram góðs af kost-um hins.

Þessari aðferð beitti Parreira einnig við æfingar. Í taktískri þjálfun lá megin-áherslan á samæfingu milli Romario og Bebeto. Á æfingum voru þeir aldrei skildir í sundur, heldur alltaf látnir æfa saman sem par. Ennfremur var æfingunum hagað þannig að þeir fengu eins mikið frelsi til sköpunar og hægt var, þ.e.a.s. að æfing-arnar bundu þá ekki í báða skó hvað frumkvæði



og óvæntan leik varðaði. Og Mario Zagallo veit mæta vel, hversu vel hinir einstöku hæfileikar þessara leikmanna tveggja nýtast þeim þegar þeir leika saman sem par og hve óútreiknanlegir þeir geta verið í sköpunargleði sinni og áráðni.

Um æfingarnar

Að meðaltali horfðu 4.000 syngjandi og dansandi aðdáendur á hverja ein-ustu æfingu Brasilíumanna. Textarnir sem þeir sungu voru mjög einfaldir: nöfn leik-manna voru nefnd hvert af öðru og sungin góða stund við taktfastar samba-hreyf-ingar. Ennfremur voru um 400-600 fréttamenn á hverri einustu æfingu. Skilningur þeirra á starfi sínu er allt annar en starfsbræðra þeirra í Evrópu. Evrópskir fréttamenn reyna að flytja hlutlausar fréttir en þeir brasilísku eru frekar eins og áhangend-ur. Það sást t.d. mjög vel á því að þeir voru flestir í brasilíska landsliðsbúningnum. Þeir haga sér líka allt öðruvísi en evrópskir fréttamenn myndu nokkurn tíma leyfa sér að gera. Þeir leyfðu sér t.d. í tíma og ótíma að hlaupa inn á völlinn með þráðlausa síma til að taka viðtal við leikmennina til að útvarpa fyrir aðdáendur heima í Brasilíu. Í hinum fjölmörgu drykkjarhléum var óreiðan algjör.

Það bjó heldur ekki mikil fagmennska í viðtölum fréttamannanna við leik-mennina. Innihaldið var yfirleitt ekkert og svör leikmanna hæfðu spurningunum. En þetta skipti nákvæmlega engu máli, aðalatriðið var að rödd leikmanna heyrðist heima í Brasilíu.

Það kom að því að Parreira fékk nóg af þessu. Hann setti skýrar reglur um það hvað fréttamenn máttu og hvað ekki. Hann bannaði þeim t.d. að koma inn á völlinn. Þeir reiddust þessu mjög og ummæli þeirra um þjálfarann voru ekki merkileg eftir þetta. Engu að síður hélt Parreira sig við þessa reglu og eftir þetta urðu fréttamenn að gera sér viðtöl við starfs- og stjórnarmenn, búningaverði og markmanns-þjálfara að góðu.

Líkamlegur undirbúningur

Í upphafi undirbúnings fyrir HM, sem hófst 26. maí, var aðaláherslan lögð á þrekæfingar og voru þær yfirleitt á morgnana. Þar voru ýmis konar þekkt hlaup á dagskrá, teygjuæfingar og kraftþjálfun. Í þolþjálfuninni var yfirleitt boðið upp á eina æfingu hverju sinni sem hélt mönnum við efnið í 40-45 mínútur. Oftast var leikmönnum skipt í hópa eftir stöðum í þessum æfingum. Varnarmenn, miðjumenn og sóknar-menn hlupu þá saman í hópum.

Uppsetning æfinga

Taktískar æfingar stóðu yfirleitt í 2 tíma. Reglulega var gert hlé til að svala þorstanum eða Parreira stöðvaði æfinguna til að gefa góð ráð og leiðrétt. Venjuleg æfing skiptist í eftirfarandi hluta:

1. þáttur:

Sameiginlegur göngutúr umhverfis völlinn (5 mín.)



2. þáttur:

Upphitun undir stjórn þrekþjálfara með mjög miklum teygjuæfingum og æfingum fyrir samhæfingu (20 mín.)

3. þáttur:

Tækniæfingar í þörum sem sendu boltann á milli sín með ýmsum tilbrigðum (5 mín.)

4. þáttur:

Spil 9:9 eða 10:10 með mismunandi taktískum áherslum (20 mín.) Með því að gefa ýmis fyrirmæli, var vísvitandi dregið úr hraða leiksins í þessum þætti. T.d. mátti ekki tækla og aðeins mátti senda lágar sendingar.

5. þáttur:

Spil eins og áður en á mun meiri hraða. Sem dæmi um aukið álag má nefna að leikmenn urðu að taka 5 m. sprett eftir hverja sendingu. Eftir því sem leið á undir-búninginn jókst hlutdeild æfinga þar sem verið var að æfa ákveðin taktísk atriði eins og sóknarleik bakvarða.

6. þáttur:

Skotæfingar með mörgum tilbrigðum (40 mín.)

7. þáttur:

Niðurlag með skokki og teygjuæfingum (10 mín.)

Æfingar fyrir taktísk grundvallaratriði

Reglulega fóru fram æfingar fyrir taktísk grundvallaratriði í leik brasilíska liðs-ins. Einkanlega var mikil áhersla lögð á sóknarleik bakvarðanna (æfingar 2, 7 og 8).

Annað mikilvægt atriði var sóknarleikur upp miðjuna með snöggum 10-15 m. löngum sendingum þar sem allt samspil fór fram á hámarks hraða en um leið með mikilli fullkomnun ef svo má segja (æfingar 4 og 6).

Flestar þessar æfingar byggðu á eftirfarandi grundvallaratriði: sóknin byrjaði á hefðbundnum, fyrirfram ákveðnum sendingum þar sem mótherjarnir gerðu ekkert eða lítið til að hindra samspilið. Ef sóknin náði þetta langt með þessu móti (þ.e. fyrirfram ákveðnum sendingum var lokið), var frjálst spil það sem eftir var fram að markskoti. Sóknarmennirnir gátu þá annað hvort skapað marktækifæri með samspili eða einleik og varnarmennirnir léku nú með á fullu.

Æfingar í stærri hópum

Leikir og spil í stærri hópum bættust reglulega við þjálfunina.



8:8

Parreira lét oft spila 8:8 í 40 mínútur þar sem t.d. vörnin og miðjan í byrjunar-liðinu léku saman.

9:7

Annað form á þessu var þegar leikið var 9:7 á 2 mörk með markmönnum þar sem sóknarleikur bakvarðanna var enn einu sinni í brennidepli. Fyrst var leikið á til-tölulega litlum hraða til að auðveldara væri að leika æfinguna en svo var hraðinn og þar með kröfurnar auknar eftir því sem öryggið jókst. Parreira stöðvaði þessar æfingar oft og iðulega til að leiðrétta leikmenn.

Æfingar í smærri hópum

Æfingar og leikir í smærri hópum voru einnig mikilvægur þáttur í æfingum liðsins. Þar var taktíkin enn tekin fyrir og leitast við að ná fullkomnun í ákveðnum taktískum atriðum brasilíska liðsins. Dæmi um það er pressa á varnarmann á öðrum hvorum vængnum eða mjög ákveðið og markvisst spil í gegnum vörn sem er fámennari en sóknin (3:1 og 2:1) með fyrirfram ákveðinni taktík, s.s. þríhyrningsspili eða framhjálaup upp miðjuna.

Skotæfingar

Skotæfingar voru nær daglega á dagskrá og þá oftast í 40 mínútur. Þessar æfingar voru allar gerðar með hámarks nákvæmni.